




FJÖLVAR

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Í litla snotra sýningarsalnum við Skólavörðustíg er hlotið hefur nafnið Galleri Grjót getur að líta nokkur verk Magnúsar Tómassonar myndlistarmanns og stendur sýningin til 1. maí. Myndverk sín nefnir listamaðurinn „Fjölva“, sem er samheiti á þrívíddarmyndum, er hann vinnur að mestu í karton og pappa. Magnús hefur sókk sér niður í þessa myndgerð síðustu árin og tók hún við af myndljóða-tímabili hans (Visual Poetry) og er að mörgu leyti beint framhald þar á.

Myndgerð þessi hefur vakið mikla athygli listunnenda og hefur sitt sýnst hverjum, sumir hafa hafið hana til skýjanna en aðrir nefnt léttvægt föndur.

Vafalítið má til sanns vegar

færa, að báðir hóparnir hafi sitt-hvað til síns máls. Fyrir hið fyrsta þá eru margar myndirnar bráðvel gerðar og af ríkri listrænni kennd en svo er tæknin einnig þannig í útfærslu allri að ósjaldan minnir hún sterklega á föndur. Þær fjórar myndir á sýningunni á Kjarvalsstöðum, „Borealis“, sem nú er nýafstaðin, er báru nafnið „Untitled“ voru t.d. að mínum dómi í sérflokk myndverka hans um sterka listræna útfærslu. Á sama hátt ber mynd nr. 8 á sýningunni í Galleri Grjót af flestum öðrum sem gull af eiri. Á sýningunni eru og myndir er hafa meiri svip af föndri en fram hefur komið áður í þessari myndgerð hjá Magnúsi. Vaknar þá sú spurning, hvort listamaðurinn hafi þurrausíð myndefnið eða hvort hann sé að marka sér nýjar leiðir. Því er erfitt að svara, en víst er að þessi ágæti listamaður hefur oft mætt sterkari til leiks en í þetta skipti.

Sýning MHÍ á Kjarvalsstöðum

Myndlist

Bragi Ásgeirsson.

Myndlista- og handíðaskóli Íslands hefur tekið upp þá nýbreytni að efna til sýningar á vinnu nemenda á lokaári, þeirra er útskrifast úr sérdeildum. Á undanförunum árum hefur skólinn verið í örum vexti og sprengt af sér allt húsnæði þannig að almenn nemendasýning er orðið að viðamiklu fyrirtæki og illviðræðanlegu. Þetta þótti því eðlileg lausn og hagkvæm að þessu sinni auk þess sem hún ætti að vera ágæt kynning á starfsemi skólans og þeim árangri er nemendur ná í vinnu sinni á fjórum árum.

Skólinn er orðinn að það viðamiklu bákn að jafnvel kennarar fylgjast orðið ekki með öllu sem skeður innan hans og þannig sjá þeir fjölmargt á sýningunni í fyrsta skipti. Svo kemur einnig annað til og það er, að starfsemi skólans fer ekki öll fram undir sama þaki enda skólinn í leigu


húsnæði og óhentugu fyrir margar sakir. Á tímum, þegar gerviparfir eru ræktaðar af ofurkappi, hefur vægi listaskóla aukist til allra muna, aðsókn að þannig að aðeins brot þeirra er sækja um inngöngu kemst að. Hér er það skemmtilegt til afspurnar að hið svonefnda forskólakerfi er MHÍ tók upp fyrir meira en tveim áratugum hefur rutt sér rúms erlendis m.a. við Listaháskólann í Kaupmannahöfn. En um leið er það afleitt til afspurnar að á sama tíma er stefnt að því að leggja forskólánámið niður hér í framtíðinni sem þó er öldungis óraunhæft enda er það sniðið fyrir sérparfir okkar Íslendinga. Það er mikilvægt að skólakerfið skilji sérstöðu þessarar stofnunar og að það sem hann hefur byggt upp af miklum dugnaði í gegnum árin, og hefur algjöra sérstöðu hérlandis, má alls ekki rífa niður fyrir einhverjar tímabundnar kenningar misviturra fræðinga. Það hlýtur að vera nýtur tilgangur í því að þroska skapandi kenndir og tilfinningar ungs fólks, kenna því að uppgötva og

upplifa umhverfi sitt á lífrænan hátt.

Sýningin á Kjarvalsstöðum sýnir ótvírætt að ungt fólk sækir fast og einarðlega fram í listsköpun á landi hér og staðfestir að ný kynslóð listamanna og listhönnuða er óðum að taka við af hinum eldri. Þá sýnir hún einnig að sjálfstæði hefur aukist þrátt fyrir að hið unga fólk sé opið fyrir áhrifum eins og vera ber. Framtíðin er í ektu og handföstum hlutum og í þeim eru ekki einungis falin hrein menningarleg verðmæti heldur og einnig burðarstöðir sérhvers sjálfstæðs þjóðfélags.

Tveir velþekktir erlendir listamenn heiðra sýninguna með þátttöku sinni, japanski grafíklistamaðurinn Kunito Nagaoka og skrautskrifarinn enski Arthur Baker. Þess má geta að Nagaoka var með námskeið í sérstakri tækni í málgráfi er hann hefur fullkomnað, en hann er kennari við Listaháskólann í Berlín. Mikil þrýði er að myndum þeirra á sýningunni.

Almenningur athugi að sýningunni lýkur á sunnudag.



Borealis

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Sýningin nefnist Borealis (latína og þýðir norðlægur) og hefur undanfarna mánuði gert víðreist um Norðurlönd. Hún er til komin að frumkvæði Norrænu listamiðstöðvarinnar í Suomenlinna, Sveaborg, fyrir utan Helsingfors. Starfsmaður stofnunarinnar, Tage Martin Hörling, tók að sér að taka sýninguna saman og valdi þátttakendur samkvæmt ábendingum sambandsdeilda í hverju landi fyrir sig, að mér skilst.

Hörling segir í stuttri greinargerð í veglegri sýningarskrá, að hann hafi valið að ganga út frá figúratívri línu og segir, að í fyrstu könnun virtist sýningin vera samkvæmari stefnuskránni en seinna varð, — hann segir enn fremur, að nokkrir listamannanna hafi breytt um myndmál í millitíðinni. Hér virðist því miður, að því er ég best veit, um rangan framlátt að ræða, sem getur þó byggst á vanþekkingu einvaldsins, því að óhlutlægt myndmál hefur um langt skeið verið flestum þeim tamt, er hann vísar hér til.


Ágrip yfir list hinna sextán myndlistarmanna ásamt al-

mennum hugleiðingum um list og mennt á Norðurlöndum hefur tekið saman listrýnirinn Sune Nordgren, meðlimur AICA. Ferst honum það ágætlega úr hendi, þótt mér og fleirum sé spurn, hver tilgangurinn sé með því að blanda þjóðháttaræðingnum Olaus Magnus og sögu hans um norrænar þjóðir, er út var gefin árið 1555, saman við þessa sýningu. Skemmtileg lesning, sem hefði átt skilið að fylgja miklu viðameiri norrænni sýningu úr hlaði.


Í sýningarskrá sakna ég einarðlegrar skilgreiningar á samsetningu sýningarinnar og forsendum hennar, enda líkist formáli Hörlings vandræðalegri, snubbótttri, afsökunarbeiðni. Þá fann ég engar upplýsingar þess efnis, af hverju Hörling var gerður að einvaldi né hver þessi maður er.

Að þessum agnám slepptum er sýningarskráin hin vandaðasta og mjög eigulegur gripur.

— Þrátt fyrir mótuð stefnumörk í upphafi eiga sýnendurnir fátt sameiginlegt, en þó má greina að sumir hafi orðið fyrir áhrifum af nýja málverkinu og meðtekið þau áhrif á mismunandi hátt. Mest kom það á óvart, sé tekið mið af uppsetningunni að Kjarvalsstöðum, að aldurs-



Franco Leidi „Stóri munnurinn“ (1977).



Osmo Valtonen „Krotað í sand“.

forsetar sýningarinnar eiga ótvírætt einna sterkasta og ferskasta framlagið. Á ég hér við þau Ásgerði Búadóttur og Færeyinginn Ingálv av Reyni, en myndir þeirra falla hvergi þrátt fyrir endurteknar heimsóknir. Sýningin virkar að öðru leyti ferskust og forvitnilegust við fyrstu kynni, en við nánari skoðun ris hún ekki upp yfir almennar sýningar af svipuðu tagi, en svo er almenn skoðun gagnrýnenda, þar sem sýningin hefur verið á ferð. Það er nefnilega svo margt á þessari sýningu sem sést hefur áður og í svipuðu formi á sam-sýningum á Norðurlöndum.

Sýning sem þessi á fyrst og fremst að hafa nægilegt vaxt-



Sýning Karvel Gränz

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Það er með sanni nokkuð sérstæð sýning er þessa dagana gistir Ásmundarsal við Freyjugötu. Þrítugur maður, Karvel Gränz að nafni, sýnir þar 53 myndverk í blandaðri tækni og veit ég ekki betur en að þetta sé hans fyrsta einkasýning. Karvel hefur unnið við húsamálun, numið móteltækningu hjá Hring Jóhannssyni og dvalið erlendis á árunum 1979–82. Þar ytra kom að því, að Karvel þurfti að bjarga sér sem götumálari í Kaupmannahöfn og Amsterdam, og segir í sýningarskrá að þá hafi myndlistarferill hans hafist fyrir alvöru.

Þetta verður að teljast all óvenjulegur ferill Íslendinga, sem leggur út á listabrotina, a.m.k. veit ég ekki um neinn annan er fengið hefur listablossann við þá iðju er götumálverk nefnist. Slíkir geta iðulega verið alveg bærilega snjallir en iðja þeirra felst öðru fremur í því að skemmta vegfarendum og er í

flestum tilvikum í órafjarlægð frá myndrænni rökræðu í tíðinni.

Það er satt að segja töluverður viðvagnsbragur á tæknilegu hliðinni hjá hinum unga manni, enda er hann mjög lítið skólaður, eitt námskeið í myndlistarskóla segir harla lítið á lista- brautinni. Eftir sýningunni að dæma er Karvel Gränz öðru fremur maður hugarflugs, hugaróra og drauma, er hefði gott af því að koma niður á jörðina og horfast í augu við raunveruleikann. Á sýningunni eru auk málverkanna nokkrar teikningar utan skrár, sem eiga að sýna hugsanlegt útlit og lögmál fljúgandi diska. Hér er ég ekki alveg með á nótnum en máski er þetta merkilegasti hluti sýningarinnar. Nöfn myndanna eru og mjög fjarlæg, „eksotísk“, og vísa til áhuga á hinu dulræna og yfirsíkvitlega.

Af sýningunni verður ekki mikið ráðið um myndræna hæfileika gerandans, um það sker framtíðin úr, en hann mætti að ósekju rannsaka lögmál málverksins af jafn mikilli atorku og lögmál fljúgandi diska.

Útlit fyrir mikla verðskerðingu á mjólk:

Framleiðsluaukning vegna mikillar og óeðlilegrar kjarnfóðurnotkunar

Mjólkurframleiðslan hefur aukist mjög undanfarna mánuði, eins og kunnugt er, svo mjög, að með sömu aukningu út verðlagsárið verða framleiddar 10–12 milljónir lítra af mjólk umfram innanlandsneyslu. Þessi aukning er talin stafa af mikilli og óeðlilegri kjarnfóðurgjöf.

Á síðasta fundi Framleiðsluráðs landbúnaðarins voru mjólkurframleiðslumálin mikið rædd og samþykkt ályktun þar sem sagt er að „slík umframframleiðsla muni leiða af sér mikla skerðingu á verði mjólkur til framleiðenda á

þessu verðlagsári,“ og bændur hvattir til að draga eins mikið úr kjarnfóðurnotkun og nokkur kostur er. Gunnar Guðbjartsson, framkvæmdastjóri Framleiðsluráðs, sagði í samtali við blaðamann, að kjarnfóðurnotkunin hefði aukist óeðlilega mikið undanfarna mánuði. Aukningin hefði ekki eingöngu orðið á óþurrka-svæðunum, heldur um land allt. Taldi hann, að kjarnfóðurkaup bændu hefðu aukist undanfarna mánuði um 20–30%. Frá 1. september sl. jókst kjarnfóðursalan hjá Mjólkurfélagi Reykjavíkur til

dæmis um 23%, 25% hjá Kaupfélagi Borgfirðinga og 14% hjá SÍS. Sagði Gunnar, að svo virtist sem bændur hefðu treyst á að verðskerðingu yrði ekki beitt á þessu ári, en það væri mikill misskilningur, því ekki yrði hjá því komist miðað við þessa miklu aukningu.

Í ályktun Framleiðsluráðs segir, að bændur megi búast við að fá lítið eða ekkert fyrir mjólk umfram búmark og að mikil verðskerðing komi að minnsta kosti á mjólk, sem er umfram 90% af búmarki.

 SAMVINNU SÖLUBOÐ	
 SNAP	KORNFLÖGUR 500 gr
 SNAP	KORNFLÖGUR 1000 gr
	MAKKARÓNUR 250 gr
	SPAGHETTÍ 250 gr
	SÚKKULAÐI- DRYKKUR 400 gr
LENI	SALERNIS- PAPPÍR
...vöruverð í lágmarki	

armagn til að vekja upp umræður á Norðurlöndum um stöðu myndlistar, innbyrðis þróun hennar og framtíð. En það hefur henni ekki tekist, því að lítið er um ítarlega umfjöllun né úttekt á þessum atriðum í umfjöllun listrýna. Þó kemur hin finnska Marja-Terttu Kiviranta, inn á þetta svið, er hún spyr: „Og því ekki eitthvað ákveðið þema, t.d. expressjónismann í norrænni list eða jafnvel kynlíf. Jafnvel hreinskilið dirfskufullt þema líkt og náttúra, kynlíf, brennivín, því að margir eru uppteknir af þessu í listinni á Norðurlöndum, — og ekki gleyma konunni. Menn hefðu átt að marka sér ótvírætt, djarft þema, alveg hiklaust. Jafnvel hræðslan við ofverndun í þjóðfélaginu virkar lamandi á manninn. Og af hverju ekki „Hræðslan í norrænni list“, víst er nægilegt til af gráti og gnístran tanna hér. Sýningin er eingöngu skyldurækin samantekt, ein af mörgum svipuðum sýningum“.

Annar gagnrýnandi minnst á það, að á fundi gagnrýnenda á Norðurlöndum í Helsingfors hafi listfræðingur nokkur staðið upp og óskað eftir persónulegri norrænni myndlist. Af málflutningi hans að ráða mátti þó helst álykta, að hann vildi að listamenn yrðu persónulegir á bandarísku! — Hér mætti og bæta við frönsku, þýsku, hollensku — já, því ekki það.

Það fór illa í ýmsa viðkvæma á Norðurlöndum, er bandarískur áhrifavaldur í gagnrýnandastétt talaði af litilsvirðingu um nor-

ræna nútímalist og taldi engar líkur á því, að listheimurinn yrði fyrir áhrifum af slíkri útkjálka-list. Rétt er, að fæst blómstrar meira en minnimáttarkenndin í norrænni myndlist (og þá einkum hjá listfræðingum) og verður svo, þangað til að við förum að rækta eitthvað samnorrent. Halda miklar sýningar, er tekið verður eftir á meginlandinu. Menning okkar stendur föstum fótum í nútíð og fortíð og við höfum svo ótal margt, sem hvergi fyrirfinnst annars staðar í heiminum, og því skyldum við þá ekki rækta þessi sérkenni í stað þess að gera lítið úr þeim? Vera gefendur líkt og Munch, Strindberg og Ibsen, en ekki auðmjúkir þiggjendur, er fá klapp á öxlina, ef við meðtökum línurnar, sem alþjóðlegir listabráskarar hafa lagt blessun sína á.

Að sjálfsögðu eigum við svo á öllum tímum í sögu okkar að vera opnir fyrir ferskum áhrifum úr öllum áttum, brjóta þau undir persónuleika okkar, hinn ramma seð norræns anda.

— Auðvitað eru margir ljósir punktar á sýningunni, en að henni skoðaðri í nokkur skipti sækir sú tilhugsun of fast á, að hægt væri að setja upp fjölmargar sýningar af sama gæðaflokki og jafnvel miklu sterkari. Það er og almenn skoðun gagnrýnenda og jafnvel aðstandenda sýningarinnar. Og þá ætti engan að undra, þótt almenningur streymi ekki á sýninguna, sala sé í lágmarki og ládeyða einkenni fyrirtækið með latneska nafninu Borealis.